



Ég er frábær

Orða- og málþroskaleikur

Markmið

Að nemendur auki við þekkingu sína og skilning á orðum sem tengjast vináttu.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Engin.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Unnið er með vináttuna í þessum leik. Nemendur setjast í hring og einn nemandi byrjar á því að segja eitthvað jákvætt um vináttu. Sá sem byrjar segir t.d.: „Ég er frábær vinur af því að ég ...“ og að því loknu segir allur hópurinn: „Við erum sammála því!“ Þá á sá sem situr honum á vinstri hönd að gera og svo koll af kolli uns allir í hringnum hafa sagt eitthvað fallett um sjálfan sig og vináttu. Kennarinn hefur leikinn og er góð fyrirmynd fyrir nemendurna.

Aðrar útfærslur

Það er hægt að vinna með fleira en vináttuna í þessum leik. T.d. væri hægt að vinna meira með orðaforða nemenda með því að spyrja frekar út í svar nemenda. Dæmi: „Ég er frábær vinur af því að ég er skemmtilegur við alla“. Þá gæti kennarinn komið með spurningu sem væri einhvern veginn á þessa leið: „Er til annað orð sem táknar sama og orðið skemmtilegur“.
Nemendur gætu þá rétt upp hönd og sagt hvaða orð þeir væru með í huga. Með þessu væri hægt að auka orðaforða nemenda frekar.

Formatted: Font: (Default) +Body (Calibri), 12 pt, Font color: Auto, Icelandic

Deleted: Það er hægt að vinna með fleira en vináttuna í þessum leik. T.d. væri hægt að vinna meira með orðaforða nemenda með því að spyrja frekar út í svar nemenda. Dæmi: „Ég er frábær vinur af því að ég er skemmtilegur við alla“. Þá gæti kennarinn komið með spurningu sem væri einhvern veginn á þessa leið: „Er til annað orð sem táknar sama og orðið skemmtilegur“. Nemendur gætu þá rétt upp hönd og sagt hvaða orð þeir væru með í huga. Með þessu væri hægt að auka orðaforða nemenda frekar. ¶

Formatted: Font: (Default) +Body (Calibri)